

**Konunglegt leyfisbrjef *ad mandatum* til ættleiðingar.** — Með brjefi 72 dags. 30. maí var umboðsmanni Stepháni Stephensen og konu hans frú Önnu Stephensen, f. Melsted, leyft að ættleiða stúlkuna Mariu Kristínu Thoroddsen, fædda 20. sept. 1883, þannig, að nefnd stúlka skuli álitast sem ættleiðenda eigið barn, og hljóta ættarnafnið Stephensen.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um sjerstakt manntalsþing fyrir Mjóafjarðarhrepp.** — Eptir að hafa fengið 27. júlí. þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 8. þ. m., og skjöl þau, er því fylgdu, vil jeg hjer með, samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Mjóafjarðarhreppi, er hlutaðeigandi sýslumaður og sýslunefnd hefur lagt með, veita samþykki til, að Mjóafjarðarhreppur verði eptirleiðis sjerstök manntalsþinghá með þingstað að Brekku, og sjái hreppsnefndin fyrir hæfilegu húsnæði til þinghaldanna.

Viðvíkjandi spurning yðar um þingstaðinn í Norðfjarðarhreppi skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að hreppsnefndin þar verður einnig að sjá fyrir hæfilegu húsnæði til manntalsþinga í þeim hreppi á þingstaðnum Skorrastað, og skal það tekið fram, að ekki er fram komin nein beiðni um flutning þingstaðarins þaðan.

Brjef þetta gjörir enga breyting á skipun dómpingháa í Suður-Múla-sýslu.

**Brjef landshöfðingja til biskups um flutning kirkju.** — Samkvæmt tillögum 74 yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dags. 24. f. m., og eptir að löglegt 23. ágúst. samþykki hjeradsfundar er þar til fengið, vil jeg hjer með eptir ósk meiri hluta hlutaðeigandi safnaðar, samkvæmt 4. gr. í lögum nr. 3, 27. febr. 1880, veita samþykki mitt til þess, að kirkjustaðurinn að Hálsi í Hamarsfirði verði lagður niður, og kirkja fyrir sóknina verði reist á verzlunarstaðnum Djúpavog, í stað kirkju þeirrar, er fauk á Hálsi í ofviðri 9. marz 1892, og nefnist sóknin síðan Djúpavogssókn.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um hlunnindi handa sparisjóði.** — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi sparisjóði í Vestmannaeyjum hlunnindi þau, sem nefnd eru í tilsk. 5. jan. 1874, um 5 ára tímabil, frá 1. okt. 1893 að telja, með venjulegum skilyrðum. 9. sept.

**Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um sektir samkvæmt 36. gr. farmannalaganna.** — Út af fyrirspurn yðar, herra bæjarfógeti, í þóknanlegu 18. sept. brjefi, dags. 7. þ. m., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að jeg, sam- 14. dag októberbermán. 1893.